

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 30. september í máli nr. E-5273/2009:

BAWAG P.S.K. Bank

Bayerische Landesbank

Cathay United Banki

Commerzbank AG

Commerzbank International S.A.

DekaBank Deutsche Girozentrale

Dresdner Bank AG

DZ Bank AG Deutsche Zentral bank

Erste Europaische Pfandbrief- und K.bank

Eurohypo AG

HSH Nordbank AG

Hypo Alpe-Adria Bank

Landesbank Baden-Wüettemberg

Landesbank Baden-Württemberg

Landesbank Saar

National Bank of Egypt

Raiffeisenlandesbank

Raiffeisenlandesbank

Raiffeisenverband Salzburg

Raiffeisen Zentralbank

Salzburger Landes-Hypothekenbank

Sparebanken Öst

Sumitomo Mitsui Banking

(Baldvin Björn Haraldsson hdl.)

gegn

Seðlabanka Íslands

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hdl.)

Mál þetta, sem var tekið til úrskurðar 23. september sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af BAWAG P.S.K. Bank für Arbeit und Wirtschaft und Österreichische Postsparkasse Aktiengesellschaft, Georg Coch Platz 2, 1018 Vín, Austurríki; Bayerische Landesbank, Brienner Straße 18, 80333 München, Þýskalandi; Cathay United Bank 1F., No.7, Songren Rd. Taipei, Taívan; Commerzbank AG, Kaiserplatz D-60311, Frankfurt, Þýskalandi; Commerzbank International S.A., 25, rue Edward Steichen L-2540, Lúxemborg; DekaBank Deutsche Girozentrale Luxembourg S.A., 38, avenue John F. Kennedy, 1855 Lúxemborg, Lúxemborg; Dresdner Bank AG, Niederlassung Luxembourg 6A, route de Trèves, L-2633 Senningerberg, Lúxemborg; DZ Bank AG Deutsche Zentral-Genossenschaftsbank Frankfurt am Main, Platz der Republik, D- 60265 Frankfurt am Main, Þýskalandi; Erste Europäische Pfandbrief- und Kommunalkreditbank Aktiengesellschaft in Luxembourg, Lúxemborg 25, rue Edward Steichen L-2540 Lúxemborg; Eurohypo AG, Helfmann-Park 5, D - 65760 Eschborn, Þýskalandi; HSH Nordbank AG, Copenhagen Branch, Kalvebod Brygge 39-41, DK - 1560 Kaupmannahöfn V, Danmörku; Hypo Alpe-Adria-Bank International AG, Alpen-Adria-Platz 1, A-9020 Klagenfurt am Wörthersee, Austurríki; Landesbank Baden-Württemberg, Am Hauptbahnhof 2, 70173 Stuttgart, Þýskalandi; Landesbank Baden-Württemberg, London branch, 201 Bishopsgate, London EC2M 3UN, Bretlandi; Landesbank Saar, Luxembourg Branch 3, rue Jean Monnet, L-2180 Lúxemborg; National Bank of Egypt (UK) Limited, Trafalgar House 11, Waterloo Place, London SW1Y 4AU, Bretlandi; Raiffeisenlandesbank Kaernten Rechenzentrum und Revisionsverband, reg. Gen.m.b.H., Raiffeisenplatz 1, 9020 Klagenfurt, Austurríki; Raiffeisenlandesbank Niederösterreich-Wien AG, Friedrich-Wilhelm-Raiffeisenplatz 1, 1020 Wien, Austurríki; Raiffeisenverband Salzburg reg.Gen.m.b.H., Schwarzstrasse 13-15, 5024 Salzburg, Austurríki; Raiffeisen Zentralbank Österreich Aktiengesellschaft, Am Stadtpark 9, A-1030 Vín, Austurríki; Salzburger Landes-Hypothekenbank Aktiengesellschaft, Residenzplatz 7, 5020 Salzburg, Austurríki; Sparebanken Øst, Bragernes Torg 2, Postboks 54, 3001 Drammen, Noregi; Sumitomo Mitsui Banking Corporation Europe Limited, 99 Queen Victoria Street, London EC4V 4EH, Bretlandi á hendur Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík með stefnu birtri 24. apríl 2009.

Dómkröfur

Stefnendur gera hver fyrir sig þá dómkröfu gegn stefnda, að viðurkenndur verði réttur stefnenda til skaðabóta úr hendi stefnda, Seðlabanka Íslands, vegna þess tjóns sem ákvörðun stefnda, Seðlabanka Íslands, hinn 20. mars 2009, um að hafna Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. um lausafjárstuðning hefur leitt til fyrir stefnendur.

Þá er krafist málskostnaðar auk virðisaukaskatts.

Stefndi krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara að hann verði alfarið sýknaður af kröfum stefnenda. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnenda.

Í þessum þætti málsins er krafa stefndu um frávísun málsins tekin til úrskurðar. Stefnendur hafna frávísunarkröfu stefnda og krefjast málskostnaður úr hendi hans.

Ágreiningsefni

Stefnendur telja sig hafa lánað SPRON fé. Þegar halla tók undan fæti hjá SPRON hafi verið samræður á milli málsaðila um að treysta rekstrargrundvöll SPRON. Þeim samræðum hafi verið slitið og fékk SPRON ekki þann lausafjárstuðning sem óskað var eftir. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 var vald hluthafafundar SPRON tekið yfir og skilanevnd stofnuð. SPRON sé nú í slitameðferð og telja stefnendur sig hafa orðið fyrir tjóni.

Málsástæður og lagarök stefnda fyrir frávísun

Stefndi krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi og að stefnendum verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu. Hver og ein málsástæða nægi til frávísunar málsins.

Um aðildarhæfi. Í stefnu eru nöfn stefnenda tilgreind og taldir upp 27 aðilar. Ekkert liggur hins vegar fyrir um hverjir þessir aðilar eru, eðli þeirra, nánara inntak og uppbyggingu. Þá eru engin gögn lögð fram af hálfu stefnenda sem sanna deili á stefnendum. Er því engan veginn hægt, af málatilbúnaði stefnenda, að ráða hvort aðilar þessir séu félög, stofnanir eða annars konar aðilar sem sjálfstætt geta átt réttindi og borið skyldur að íslenskum lögum, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Er því ósannað að hver og einn stefnenda geti notið aðildarhæfis fyrir dómstólum hér á landi. Með vísan til þess verður að vísa máli þessu frá dómi.

Um fyrirsvor til sóknar. Fyrirsvarsmenn stefnenda eru ekki tilgreindir í stefnu, eins og ber að gera samkvæmt fortakslausu ákvæði b liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Er því engin leið að átta sig á hver er til þess bær af hálfu stefnenda og í þeirra nafni að ráðstafa þeim hagsmunum sem málsóknin lýtur að. Veldur þessi annmarki á málatilbúnaði stefnenda því að vísa verður málinu frá dómi.

Um fyrirvar til varnar. Í málinu gera stefnendur kröfu um að viðurkennd verði bótaskylda stefnda, Seðlabanka Íslands, vegna meints tjóns sem stefnendur halda fram að þeir hafi orðið fyrir vegna nánar tilgreindrar ákvörðunar stefnda. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands ber ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum stefnda. Með vísan til þess, og þess að krafa stefnenda lýtur að viðurkenningu á greiðsluskyldu úr ríkissjóði í formi skaðabóta, ber að beina málsókn sem þessari að fjármálaráðherra sem fyrirvarsmanni en hann fer með málefni ríkissjóðs. Fyrirvar málsins til varnar er því rangt. Leiðir það til þess að vísa ber málinu frá dómi.

Um vanreifun. Stefnendur hafa höfðað mál þetta á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 til viðurkenningar á skaðabótaábyrgð. Óhjákvæmilegt skilyrði slíkrar málsóknar er þó að stefnendur sýni fram á saknæma og ólögmeta háttsemi stefnda, að þeir hafi beðið tjón og hvert tjónið sé, þ.e. í hverju það sé fólgið þótt ákvörðun bótafjárhæðar sé látin bíða, og á hvern hátt það hafi orsakast af þeim atvikum sem eru talin hafa valdið bótaábyrgð.

Stefnendur hafa í engu fullnægt framangreindum lágmarkskröfum. Þeir útskýra með engum hætti í stefnu hvort, og þá hvaða tjóni, þeir telja sig hafa orðið fyrir, og hvernig það tjón sé að rekja til atvika sem stefndi ber ábyrgð á. Stefnendur halda því fram að þeir séu kröfuhafar SPRON en leggja með engum hætti fram gögn sem sýna fram á það, hvorki undirritaða lánasamninga né nokkuð annað. Þá liggur fyrir að jafnvel þótt stefnendum tækist að sýna fram á að þeir væru kröfuhafar SPRON liggur ekkert fyrir um hvort, og þá með hvaða hætti, þeir, sem kröfuhafar, hafa beðið tjón af atvikum sem stefndi bæri ábyrgð á. Þannig er ljóst að samskipti þau sem liggja fyrir í málinu beindust að SPRON en ekki kröfuhöfum þess, hluthöfum eða öðrum sem hagsmuna eiga að gæta. Vegna þessara annmarka er stefnda gert ómögulegt að taka til varna.

Loks, og hvað sem öðru líður, liggur ekkert fyrir um það hvað kemur upp í kröfur stefnenda við skila- og slitameðferð SPRON og að hvað marki stefnendur njóta trygginga fyrir sínum kröfum.

Með vísan til framangreinds hafa stefnendur í engu sýnt fram á að þeir hafi lögvarða hagsmuni af máli þessu, að þeir hafi orðið fyrir tjóni og hvert tjónið sé, þ.e. í hverju það sé fólgið, og á hvern hátt það hafi orsakast af þeim atvikum sem valda bótaábyrgð stefnda. Samkvæmt því er stefnendum ekki fært að gera viðurkenningarkröfu þá sem þeir gera um skaðabótaskyldu á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 og verður að vísa henni frá dómi og þar með málinu í heild vegna vanreifunar.

Um að málatilbúnaður stefnenda fari í bága við meginreglur einkamálaréttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað. Fyrir liggur að misræmi er milli tilgreiningar aðila á fyrirliggjandi skjölum í málinu og stefnu. Þannig hefur verið lagt fram dskj. 3 sem stefnendur skýra í skjalaskrá sem „[s]krá yfir kröfur stefnenda á hendur SPRON“. Sé það skjal hins vegar skoðað kemur í ljós að tilgreindir aðilar þar eru mun fleiri en sem nemur stefnendum málsins. Þannig eru aðilar tilgreindir sem kröfuhafar á umræddu skjali en þeir eru engu að síður ekki aðilar dómsmálsins. Athygli skal enn fremur vakin á því að stefnendur hafa ekki lagt neina lánasamninga eða tengd skjöl fram í málinu.

Þá er enn fremur bent á að af gögnum málsins að dæma virðast stefnendur þátttakendur í þremur mismunandi sambankalánnum. Þegar um slíkt er að ræða er einn aðili, svokallaður umboðsaðili (e. Agent), iðulega valinn úr hópnum til að gæta hagsmuna hinna og koma fram fyrir þeirra hönd. Ýmsar undantekningar eru frá þessu en til þess að vita nákvæmlega hvort stefnendur hafi ekki afsalað sér fyrirsvári krafna sinna til síns umboðsaðila (Agent) hefðu stefnendur þurft að leggja fram lánasamninga sína ásamt gögnum frá umboðsaðilanum (Agent). Þá er einnig mjög algengt að kröfur sem þessar gangi kaupum og sölum milli fjármálafyrirtækja. Hér er því enn eitt atriðið sem undirstrikar að engin gögn liggja frammi um það hvort stefnendur hafi einhverra hagsmuna að gæta í málinu.

Með vísan til framangreinds er málatilbúnaður stefnenda mjög óskýr og óglöggur. Fer hann klárlega í bága við d- og e-liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sem og meginreglur einkamálaréttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað. Ber því að vísa málinu frá dómi af þeim sökum.

Málsástæður og lagarök stefnanda gegn frávísun

Stefnendur mótmæla því að þeir hafi ekki aðildarhæfi í málinu. Stefnendur eru alþjóðlegar fjármálastofnanir sem hafa lánað SPRON verulegar fjárhæðir. Það liggja fyrir opinberar upplýsingar um stefnendur. Á dskj. 5 kemur fram stimpill og undirritun hvers stefnanda sem sýnir fram á tilvist hans. Stefnendur halda því fram að þeir geti átt réttindi og borið skyldur hér á landi og mótmæla því að frekari kröfur séu gerðar til þeirra en íslenskra aðila.

Varðandi fyrirsvær til sóknar taka stefnendur fram að undirritun þeirra liggur fyrir á dskj. 5. Stefnendur muni líka leggja fram frekari gögn er sýni fram á fyrirsvær þeirra. Þá halda stefnendur því fram að í framkvæmd sé þess ekki krafist að fyrirsværmenn aðila séu tilgreindir.

Stefnendur halda því fram að Seðlabanki Íslands sé réttur aðili að málinu. Um sjálfstæða stofnun er að ræða og dómafordæmi liggja fyrir um aðild bankans að dómsmálum.

Stefnendur hafna því að málið sé vanreifað. Á bls. 14-16 í stefnu er fjallað um saknæma og ólögsmæta háttsemi stefnda. Þá liggja fyrir fjöldi dómskjala um tilraunir stefnenda til að bjarga SPRON. Tjónið telja stefnendur augljóst. SPRON hafi farið í gjaldþrot í framhaldi af ákvörðun stefnda og því hafi möguleikar stefnenda á því að fá lán sín endurgreidd skerst verulega. Varðandi tjónið taka stefnendur fram að þeir hyggist dómkveðja matsmenn í máli sínu gegn Fjármálaeftirlitnu og íslenska ríkinu, þ.e. héraðsdómsmálið nr. E-5274/2009, til þess að sanna tjónið. Stefnendur benda á að gríðarlega mikil samskipti hafi verið milli stýrihóps stefnenda, starfsmanna Fjármálaeftirlitsins og fjármálaráðuneytisins þannig að stefnendur hafi verið fullgildir aðilar að ákvörðuninni, enda stærstu lánveitendur SPRON. Stefnendur vísa til dskj. 33 máli sínu til stuðnings. Þá vísa stefnendur til dóma Hæstaréttar í málum nr. 88/2005 og 166/1999.

Stefnendur hafna því að málatilbúnaður þeirra sé ekki skýr og glöggur. Á dskj. 3 sé að finna yfirlit yfir lán sem stefnendur stóðu að til SPRON, en stefnendur segjast munu leggja fram lánasamninga síðar. Stefnendur taka fram að krafa hvers og eins lánveitanda sé sérstæð og óháð öðrum kröfum og kröfurnar hafi ekki verið framseldar til umboðsaðila.

Forsendur og niðurstaða

Í 80. gr. laga um meðferð einkamála eru tilgreind þau atriði sem eiga að vera í stefnu og þau ber að greina svo glögg sem verða má.

Samkvæmt b lið 80. gr. ber að geta nafna fyrirvarsmanna aðila, stöðu þeirra og heimilis eða dvalarstaðar. Stefnendur eru tuttugu og þrjár bankastofnanir og er fyrirvarsmanna þeirra í engu getið og er það í andstöðu við nefnda lagatilvísun. Þá er kennitala og heimilisfang fyrirvarsmanns stefnda ekki rétt, en með því að mætt var og tekið til varnar kemur það ekki að sök.

Samkvæmt d lið 80. gr. er kveðið á um að kröfugerð stefnenda þurfi að koma fram í stefnu með tilteknum hætti. Stefnendur gera kröfu hver fyrir sig, að viðurkenndur verði réttur stefnenda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna þess tjóns sem ákvörðun stefnda, Seðlabanka Íslands, hinn 20. mars 2009, um að neita Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. um lausafjárstuðning, hefur leitt til fyrir stefnendur. Kröfu þessa byggja stefnendur á 2. mgr. 25. gr. eml. Samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar er mál um kröfu sem þessa tækt til efnisdóms, ef afmarkað er nægilega hver þau atvik séu, sem geti leitt af sér kröfu um skaðabætur þeim til handa er málið höfðar og í hverju tjón hans geti verið fólgið, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar í málunum nr. 2/2009 og 182/2005. Fyrri skilyrði er fullnægt með því að tilgreind er neitun stefnda hinn 20. mars 2009 um lausafjárstuðning. Hins vegar hafa stefnendur ekki gert grein fyrir því í hverju tjón þeirra er fólgið. Hér er því um vanreifun að ræða.

Þótt stefnendur hafi í dómkröfu sinni tilgreint tjónsatburðinn þá skortir í stefnu að þeir sýni fram á að þeir eigi lögvarða hagsmuni í málinu. Samkvæmt gögnum málsins er ekkert samningssamband á milli stefnenda og stefnda. Stefnendur segjast vera kröfuhafar SPRON, án þess að lánasamningar hafi verið lagðir fram, og án þess að SPRON hafi fengið þann lausafjárstuðning sem þeir óskuðu eftir. Að beiðni stjórnar SPRON tók Fjármálaeftirlitið SPRON yfir. Í ljósi þessa verða stefnendur að gera fullnægjandi grein fyrir þeim lögvörðu hagsmunum sem þeir telja sig eiga í málinu. Það hafa þeir ekki gert og er því um vanreifun að ræða.

Samkvæmt e lið 80. gr. eml. verður málatilbúnaðurinn að vera skýr og glöggur svo ekki fari á milli mála hvert sakarefnið sé. Í upphafi voru stefnendur tuttugu og sjö en fjórir þeirra hafa fallið frá málssókninni. Á dskj. 3 er listi yfir mun fleiri kröfuhafa SPRON. Þeir eru þó ekki allir aðilar að málinu. Ekkert er að þessu vikið í stefnu og skortir því á skýrleika málsins. Þá hafa lánasamningar ekki verið lagðir fram í málinu en ætla má að um grundvallarskjöl sé að ræða.

Með stefnu var lagður fram fjöldinn allur af skjölum á ensku, án íslenskrar þýðingar, þ.e. dskj. 3, 5, 7, 9, 10, 12, 13, 14, 17, 18, 21, 25, 33, 35, 36, 37, 38 og 39. Með þessum fjölda dómskjala er freklega brotið gegn 1. mgr. 10. gr. eml., þ.e. að þingmálið sé íslenska. Skapar þessi framlagning einnig ójafnræði með aðilum og getur torvelað eðlilegar varnir í málinu. Allt þetta gerir það að verkum að málatilbúnaður stefnenda er ekki skýr og glöggur og í andstöðu við e lið 80. gr. eml.

Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. eml. er aðili að dómsmáli hver sá er getur átt réttindi eða borið skyldur að landslögum. Einungis liggur fyrir nafn og heimili stefnenda, en í engu er gerð grein fyrir stefnendum að öðru leyti. Hér er um erlenda aðila að ræða sem nauðsyn ber til að gera frekari grein fyrir. Því er vanreifað af hálfu stefnenda að þeir uppfylli skilyrði 16. gr. eml.

Stefndi heldur því fram að stefnendur hefðu átt að beina málssókn þessari að íslenska ríkinu, en ekki stefnda, Seðlabanka Íslands. Varnir byggðar á aðildarskortri leiða til sýknu, sé fallist á þær, sbr. 2. mgr. 16. gr. eml.

Þegar á allt framangreint er litið er máli þessu vísað frá dómi. Með vísan til 2. mgr. 130. gr. eml. ber stefnendum að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 kr.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

ÚRSKURÐARORÐ

Málinu er vísað frá dómi.

Stefnendur greiði stefnda, 500.000 kr. í málskostnað.

Sigrún Guðmundsdóttir.